



Hörgársveit

# Fréttabréf

1. júní 2022 13. árgangur 5. tölublað

## *Sundlaugin Þelamörk*



### **Sumaropnun 2022**

Sunnudaga til fimmtudaga: opið kl. 11:00 – 22:00

Föstudaga og laugardaga: opið k. 11:00 – 18:00

### **Viðhald girðinga meðfram vegum**

Greiðslur frá Vegagerðinni fyrir viðhald girðinga meðfram vegum byggjast á tilkynningum frá landeigendum um að árlegu viðhaldi þeirra sé lokið. Láta þarf vita sem fyrst og í síðasta lagi 1. júlí n.k. til skrifstofu sveitarfélagsins í síma 460-1750 eða á tölvupóstfangið [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is).

### **Viðhald fjallsgirðinga**

Landeigendum er bent á að mjög áriðandi er að sinna viðhaldi fjallsgirðinga sem allra fyrst.

## Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

### **Miðvikudaginn 1. júní 2022 kl. 09:15 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins.**

Fundarmenn: Axel Grettisson, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

Axel Grettisson setti fundinn, sem sá sveitarstjórnarfulltrúi sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni og stýrði oddvitakjöri.

Lögð var fram skýrsla kjörstjórnar Hörgársveitar þar sem fram kom að niðurstaða kosninga til sveitarstjórnar í Hörgársveit þann 14. maí 2022 urðu þau að J-listi Grósku fékk 220 atkvæði og þrjá menn kjörna, H-listi Hörgársveitar fékk 138 atkvæði og tvo menn kjörna.

Samkvæmt því voru eftirtalin kjörin í sveitarstjórnina: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir og Sunna María Jónasdóttir af J-lista og Jón Þór Benediktsson og Jónas Þór Jónasson af H-lista.

#### **1. Kosning oddvita**

*Við kosningu oddvita hlaut Axel Grettisson 5 atkvæði. Samkvæmt því var Axel Grettisson lýstur réttkjörinn oddviti til loka kjörtímabilsins. Nýkjörinn oddviti gekk til dagskrár.*

#### **2. Kosning varaoddvita**

*Við kosningu varaoddvita hlaut Ásrún Árnadóttir 3 atkvæði og Jónas Þór Jónasson 2 atkvæði. Samkvæmt því var Ásrún Árnadóttir lýst réttkjörin varaoddviti til loka kjörtímabilsins.*

#### **3. Ráðning sveitarstjóra**

*Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að ráða Snorra Finnlaugsson sem sveitarstjóra út kjörtímabilið og samþykkti framlagðan ráðningarsamning.*

*Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.*

#### **4. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir**

*Sveitarstjórn kaus eftirtalda í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins: ( sjá sérblað)*

#### **5. Laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna**

Lagt fram yfirlit yfir laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna.

#### **6. Fundargerð afgreiðslufundar SBE frá 40. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

#### **7. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 274. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

## **8. Hraun í Öxnadal ehf, aðalfundarboð**

Lagt fram fundarboð um aðalfund Hrauns í Öxnadal ehf, sem verður 7. júní 2022. *Sveitarstjórn samþykkti að Ásrún Árnadóttir verði fulltrúi Hörgársveitar á fundinum.*

## **9. Skógræktarfélag Eyjafjarðar, styrkumsókn**

Lagt fram erindi frá Skógræktarfélagi Eyjafjarðar þar sem óskað er eftir styrk til að bæta útivistaraðstöðu í Laugalandsskógi. *Sveitarstjórn samþykkti að veita félaginu kr. 650.000,- styrk til verkefnisins og óskar eftir góðu samstarfi um starfsemi félagsins í sveitarfélaginu. Jafnframt hvetur sveitarstjórn fyrirtæki í sveitarfélaginu til að styrkja verkefnið.*

## **10. Lóðir Hjalteyri**

Lagt fram erindi þar sem falast er eftir íbúðarhúsalóðum á Hjalteyri. *Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og er tilbúin til viðræðna enda eru lóðirnar lausar til leigu samkvæmt gjaldskrá um greiðslu gatnagerðargjalda.*

## **11. Orkufjarskipti, umsókn um framkvæmdaleyfi**

Lögð fram erindi þar sem Orkufjarskipti hf. óska eftir framkvæmdaleyfum vegna ljósleiðarlagningar frá sveitarfélagsmörkum Akureyrarbæjar við Mýrarlón að Vöglum í Hörgárdal og frá Ytri-Bægisá að Öxnadalsheiði. Undan er skilinn kafli í landi Auðna og Hrauns þar sem strengleið og frágangur hafa ekki verið útfærð. Erindinu fylgja yfirlitsmyndir af strengleiðinni ásamt samþykki hlutaðeigandi landeigenda og jákvæðri umsögn Minjastofnunar vegna strengleiðarinnar frá Rangárvöllum á Akureyri að Vöglum.

*Sveitarstjórn samþykkti að veitt verði framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar, enda liggi fyrir jákvæð umsögn Minjastofnunar um strengleiðina frá Ytri-Bægisá að Öxnadalsheiði áður en leyfisbréf vegna þess hluta framkvæmdarinnar er gefið út.*

## **12. Menntun til sjálfbærni – ákall til sveitarstjórna**

Lagt fram erindi þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að leggja aukna áherslu á menntun til sjálfbærni á komandi tímum.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og hvetur til menntunar til sjálfbærni í skólastarfi sveitarfélagsins.*

## **13. Fundaáætlun og fundartímar, júní – desember 2022**

Lögð fram drög að fundaáætlun sveitarstjórnar júní – desember.

*Sveitarstjórn samþykkti að fundir sveitarstjórnar verði framvegis að jafnaði fjórða fimmtudag í mánuði kl. 9:15 á skrifstofu sveitarfélagsins.*

#### **14. Umsóknir um hagagönguleyfi 2022**

Lagður fram listi yfir framkomnar umsóknir um heimild til uppreksturs.

*Sveitarstjórn samþykkti að veita leyfi fyrir hagagöngu til eins árs á grundvelli fyrirliggjandi umsókna enda liggi fyrir samþykki viðkomandi landeiganda. Þá liggi fyrir mat fulltrúa Landgræðslu ríkisins á þoli hlutaðeigandi jarða.*

Fleira gerðist ekki, fundi slitið 11:20

### **Söfnun á úrgangstimbri 20.-24. júní 2022**

*Dagana 20.-24. júní fer fram söfnun á úrgangstimbri. Þeir sem vilja losna við timburafanga þurfa að láta vita með pósti á [jonni@horgarsveit.is](mailto:jonni@horgarsveit.is) eða í síma 860 6846 fyrir kl. 10:00*

#### **16. júní 2022**

*Auðvelt þarf að vera að komast að timbrinu með vörubíl og að búið sé að safna því saman á einn stað á hverju býli eða við hverja lóð. Hámarksmagn er einn bíll á hverjum bæ. Ekki má blanda öðrum úrgangi saman við timbrið. **Flokka þarf sér málað og ómálað timbur.** Þetta verður eina söfnunin á árinu þar sem sveitarfélagið sækir timbur.*

### **Söfnun á brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum**

*Brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum verður safnað dagana 20.-24. júní með svipuðum hætti og síðastliðið sumar. Þetta verður eina söfnunin á árinu þar sem sveitarfélagið sækir járn og úr sér gengna hjólbarða.*

*Þeir sem vilja losna við slíkt þurfa að láta vita með pósti á [jonni@horgarsveit.is](mailto:jonni@horgarsveit.is) eða í s.860 6846 fyrir kl. 10:00*

#### **16.júní 2022**

### **Sumarlokun á skrifstofu**

*Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa frá 11. til 22. júlí 2022*